

Nd.

105. Frumvarp

til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Af hverjum kassa (48 dósum) niðursoðinnar mjólkur, sem til landsins er flutt, skal greiða gjald í rikissjóð, er nemur kr. 4.50.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er þar að lýtur, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Á meðan lög þessi eru í gildi, er atvinnumálaráðherra heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda dósamjólk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt niður vörutollur sá, sem nú er á niðursoðinni mjólk.

Greinargerð.

Mjólkurniðursuða er, eins og kunnugt er, fyrir nokkru hafin hjer innlands, en hefir átt nokkuð örðugt uppdráttar, eins og oft vill verða um ný fyrirtæki, sem keppa þurfa við önnur eldri og öflugri; en hjer er eingöngu um að ræða erlenda keppinauta.

Nú er starfsemi þessi það vel á veg komin, að hún hefir náð föstum tókum á framleiðslu vandaðrar vöru; hefir áhöld til að framleiða nægilega dósamjólk eftir þörfum landsmanna, miðað við neyslu síðari ára, og gnægð mjólkur er í því hjeraði, sem verksmiðjan hefir aðsetur sitt. Það, sem aðallega vantar, er tryggur markaður, og tilgangur þessa frumvarps er að veita hinu innlenda fyrirtæki forrjettindi að þeim markaði, sem til er í landinu, án þess að íþyngja neytendum með hærra verði.

Nánar í framsögu.